

Byggingarfulltrúi

Hvalfjarðarsveit

Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík 8. október 2018
UST201809-100/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020, breyting

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Hvalfjarðarstrandarhrepps er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Í lýsingu kemur fram að breytingin varðar kafla nr. 4 í greinargerð þar sem fjallað er um frístundabyggðir.

Breytingartillaga


Í lýsingu kemur fram að innan Hvalfjarðarsveitar hefur verið stunduð útleiga á frístundahúsum í atvinnuskyni. Einnig kemur fram að skv. lögum nr. 67/2016 sem er breyting á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, er ekki heimilt að gefa út rekstrarleyfi fyrir gististaði innan frístundabyggðar. Einnig kemur fram að sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar vill áfram heimila gistipjónustu innan frístundabyggða, en til þess að það sé hægt þarf að breyta stefnumörkun um frístundabyggð í greinargerð aðalskipulags.


Umhverfisáhrif

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að útleiga frístundahúsa í frístundabyggð hafi ekki áhrif á útivistargildi viðkomandi svæðis og að ekki komi til óþarfa ónæðis frá útleigðum bústöðum. Að mati Umhverfisstofnunar er einnig mikilvægt að slík útleiga komi ekki niður á náttúruminum á viðkomandi svæði.

Umhverfisstofnun tekur undir þau atriði er bæta á við stefnumörkun skipulagsáætlunar bls. 30 – 31 í greinargerð aðalskipulagsins. Að mati Umhverfisstofnunar ætti einnig að koma fram að mikilvægt er að deiliskipulag frístundabyggðar sem leyfir útleigu á frístundahúsum innan byggðarinnar, skuli kynnt ítarlegar en ella fyrir öðrum frístundahúsaeigendum innan svæðisins, þannig að frístundahúsaeigendur geti brugðist við deiliskipulagstillögunni á áætlunarstigi.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur